

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2024

2024/EES/51/42

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/859 frá 4. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna fyrir gagnasafnið á sviði menntunar og þjálfunar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/861 frá 21. maí 2021 um að tilgreina tæknilega þætti gagnasafnsins og um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga um skipulag úrtakskönnunar á sviði menntunar og þjálfunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 ⁽²⁾.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 18qq (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2279) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18qr. **32021 R 0859**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/859 frá 4. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna fyrir gagnasafnið á sviði menntunar og þjálfunar (Stjtið. ESB L 190, 31.5.2021, bls. 1).

18qs. **32021 R 0861**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/861 frá 21. maí 2021 um að tilgreina tæknilega liði gagnasafnsins og um að koma á fót tæknisniðum fyrir afhendingu upplýsinga um skipulag úrtakskönnunar á sviði menntunar og þjálfunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (Stjtið. ESB L 190, 31.5.2021, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/859 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/861, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 190, 31.5.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 190, 31.5.2021, bls. 25.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.